


Hafnarfjarðarbær
Umhverfis- og skipulagsþjónusta
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	12.4.2016
Málsnr:	1604282
Bréfal:	623

Hafnarfirði 11. apríl 2016.


Varðar: **Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna námuvinnslu.**

Borgartak ehf. kt. 490689 2659 (í eigu Suðurverks hf., kt. 520885 0219) er með samning við Skógrækt ríkisins um efnistöku úr námusvæði Skógræktarinnar í Straumi í Hafnarfirði. Samningur þess er búinn að vera í gildi síðan 1992 en var framlengdur síðast árið 2013 og gildir til loka árs 2017.

Hér með óskar Borgartak ehf. eftir framkvæmdaleyfi fyrir námuvinnslu úr umræddu námusvæði. Unnið verður hraun og grjótefni úr námunni innan marka samnings og í samráði við eiganda og viðkomandi yfirvöld.

Meðfylgjandi er afrit af samningi Borgartaks og Skógræktarinnar og kort af námasvæðinu.

F.h. Borgartaks ehf.


Guðmundur Ólafsson, verkefnastjóri.

Samningur


Undirritaðir, Skógrækt ríkisins (S.r.), Miðvangi 2-4 700 Egilsstaðir kt. 590269-3449, hér eftir nefndur seljandi, og Borgartak h.f. kt. 59089-2659 nú í eigu Suðurverks h.f. Hlíðarsmára 11 201 Kópavogi kt 520885-0219 hér eftir nefndur kaupandi, gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

1. Samkvæmt samningi sem S.r. og Borgartak h.f. gerðu með sér í febrúar 1992 greiddi kaupandi fyrir 1 milljón teningsmetra af hraunfyllingu úr námusvæði seljanda í Straumi í Hafnarfirði og skyldi efnið fjarlægt innan 10. ára frá undirritun samningsins. Við lok samningstímans í febrúar 2002 vantaði 310.000 m³ uppá að kaupandi hefði náð umsömdu magni. Árið 2007 gerðu aðilar með sér nýtt samkomulag um að kaupandi hafði rétt til að taka allt að 310.000 m³ á næstu 3 árum til eða til loka árs 2010. Á samningstíma 2007 – 2010 voru teknir 40.000 m³. Samkomulag þetta framlengir því fyrra samkomulag með þeim breytingum að nú er leyfilegt að taka 270.000.m³ til ársins 2017.
2. Fyrir réttinn greiðir kaupandi árlega leigu 1.500.000 kr á ári að viðbættum virðisaukaskatti eða næstu 5. ár samtals 7,5 milljónir kr. Greiðsla skal innt af hendi tvisvar á ári 15. apríl 750.000 kr. og 15. október 750.000 kr. skv reikningi frá S.r. Nefndar upphæðir miðast við vísitölu neysluverðs í október 2012 400,7 stig og hækka í samræmi við hækkun vísitölunnar á gjalddögum leigunnar en lækka þó aldrei niður fyrir grunnfjárhæðirnar. Hvort kaupanda tekst að fjarlægja umsamið efnismagn hefur ekki áhrif á greiðslu leigunnar. Seljandi og kaupandi geta samið um að kaupandi greiði fyrir leiguna með vinnuframlagi skv. nánara samkomulagi.
3. Kaupandi skuldbindur sig til að ganga snyrtilega um nefnda námu og haga vinnslu á henni þ.e. ýta og taka efni þannig að sem minnst lýti og spjöll verði á umhverfinu og nýting á efnismagni í námunni verði sem best. Þá skuldbindur kaupandi sig til að jafna út og slétta námuna á eigin kostnað jafnóðum og efnistakan á sér stað þannig að svæðið verði greiðfært og aðgengilegt. Einnig skal kaupandi koma fyrir læstu hliði að námunni þannig að óviðkomandi bílaumferð komist ekki inná námusvæðið.
4. Skógrækt ríkisins mun hafa eftirlit með umgengni og vinnslu í námunni svo og bókunum kaupanda á teknu efni.
5. Kaupanda er með öllu óheimilt að framselja, leigja, veðsetja eða láta af hendi til annarra rétt sinn samkvæmt þessum samning án samþykkis seljanda.
6. Þegar samningur þessi er úr gildi fallinn skal kaupandi afhenda seljanda námusvæðið í umsömdu ástandi og fjarlægja vélar sínar, tæki og vinnuskúra á sinn kostnað. Ef kaupandi vanefnir slíkt er seljands heimilt að láta framkvæma sikt á kostnað kaupanda. Kaupanda ber að fjarlægja allt rusl úr námunni ekki seinna en 6. mánuðum eftir að leigutíma lýkur að öðrum kosti getur seljandi látið hreinsa námuna á kostnað kaupanda.
7. Vanefndir á efni samningsins s.s. á greiðslu leigunnar eða að umgengni á svæðinu sé óásætlanleg varða tafarlausri uppsögn samningsins og gengur þá naman aftur til seljanda bóttalaust.
8. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2017 og fellur þá úr gildi án frekari uppsagnar hvort sem kaupandi hefur fjarlægt umsamið efnismagn eður ei.

Egilsstöðum 26. nóvember 2012

f.h. Skógræktar ríkisins




Jón Loftsson Skógræktarsjóni

Vottar:



f.h. kaupanda Suðurverks


Dóttir Eysteinnsson framkvæmdastjóri

 150970 - 3984
 230855 - 5019